

MINNISBLAÐ

EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

VERKNR:

SA118

DAGS: 29.08.2018

Fundur í stýrihóp aðalskipulags, haldinn í Árnosi kl. 09:00 – 11:00.

Mætt voru: Björgvin Skafi Bjarnason, Kristófer A. Tómasson, Matthías Bjarnason, Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Ingvar Hjálmarsson, Rúnar Guðmundsson, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 EFNISTÖK

1.1 BYGGINGAR Á LANDBÚNAÐARLANDI

Rætt var um heimild til að byggja íbúðarhús ótengd búrekstri á að lágmarki 2 ha lóðum. Ástæðan fyrir þeirri lágmarksstærð er m.a.að ef lóðir eru mjög litlar og nálægt hvorri annarri þá gæti verið komin forsenda fyrir myndun íbúðar-svæðis sem aftur þýðir að heimildir til uppbyggingar væru aðrar en á landbúnaðarlandi. Auk þess er meira rými fyrir lóðarhafa til uppbyggingar á 2 ha s.s. fyrir aðrar byggingar en íbúðarhús.

Skipulagsráðgjafar sýndu dæmi úr öðrum sveitarfélögum þar sem byggingarheimildir á landbúnaðarlandi eru teknar saman í töflu þar sem byggingarheimildir fara eftir stærð lands. Gerð verður tillaga að töflu sem verður send á stýrihóp til umfjöllunar.

1.2 FRÍSTUNDABYGGÐ - FLATIR

Rætt var um svæðið á Flötum og sýnd tillaga að lóðaskipulagi þar og á svæði austast í Árnosi (sjá meðfylgjandi skjal). Mikilvægt er að mati sveitarstjórnar að tekin verði ákvörðun um hvornig nýta skuli þetta land þ.e. hvort það verði skilgreint sem frístundabyggð eða landbúnaðarland. Ákveðið var að fækka frístundalóðum næst Skafttholtsrétt og setja fram tillögu um nokkrar 2 ha íbúðarlóðir í Réttarholti. Sveitarstjórn ræðir málið frekar.

1.3 ÓÆSKILEGAR GRÓÐURTEGUNDIR

Ekki er mörkuð stefna um viðbrögð eða aðgerðir til að uppræta óæskilegan og ágengan gróður í sveitarfélaginu. Rætt var að setja umfjöllun um það inn í skipulagstillögunu. Önnu Sigríði var falið að gera uppkast að texta í landgræðslukafli greinargerðar og sveitarstjórn ræðir málið frekar.

1.4 SKÓGRÆKT

Rætt var um skógrækt í sveitarfélaginu. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir að „Samfelld skógrækt stærri en 10 ha þarf framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar“. Rætt var stuttlega um sjálfsáningu gróðurs vítt og breytt.

1.5 VIRKJANIR

Virkjanir sem eru í biðflokki samkvæmt rammaáætlun 2 ber að sína á skipulagsupprætti og gera grein fyrir þeim í skipulagstillögu. Hins vegar getur sveitarstjórn sett texta í greinargerð þar sem fyrirhuguðum virkjunarhugmyndum er andmælt (sjá kafla 2.4.4. í greinargerð).

Á auglýsingartíma tillögunnar geta íbúar jafnt og aðrir gert athugasemd við skipulagstillögunu. Þeim athugasemdum svarar sveitarstjórn og þau gögn verða hluti af skipulagstillögunni og eru send með henni til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun.

1.6 VATNSBÓL OG VATNSVERNDARSVÆÐI

Fyrirhugað framtíðarvatnsból fyrir Árnes í landi Þjórsárholts verður tekið út. Grannsvæði vatnsbólsins tekur til tveggja sveitarfélaga og lendar framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar í Rangárþingi ytra innan grannsvæðis vatnsverndar. Því verður ekki hægt að nýta vatnsbólið fyrr en að framkvæmdum loknum. Ákveðið var að setja inn í greinargerð að unnið sé að staðarvali fyrir framtíðar vatnsból fyrir þéttbýlið í Árnesi og að gert verði ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki innan fárra ára.

1.7 UMHVERFISSKÝRSLA

Farið var yfir hvernig umhverfisskýrsla kemur inn í skipulagsferlið og varpar ljósi á áhrif stefnu sem sett er fram í skipulagstillögunni getur haft áhrif á umhverfið. Einungis er horft til stefnumiða þar sem líklegt er að umhverfisáhrif geti orðið neikvæð.

1.8 HÁLENDIRMÖRK

Ákveðið var að taka mið af þeirri hálendislínu sem sett var fram í Svæðisskipulagi Miðhálandis 2015. Uppdráttum og greinargerð verður breytt til samræmis við það.

2 NÆSTU SKREF

Þrjár aðalskipulagsbreytingar eru í ferli.

Tekið saman á Hellu 29. ágúst 2018.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason